

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

*Gildistaka deiliskipulags Vaðlaheiðarganga.*

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir vegakerfi og athafna-svæði Vaðlaheiðarganga í Svalbarðsstrandarhreppi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 8,2 ha að stærð og nær yfir nánasta umhverfi gangamunna Vaðla-heiðarganga og aðliggjandi umferðarmannvirkja. Viðfangsefni skipulagsins er að skilgreina vega-kerfi og umhverfisfrágang á svæðinu og skilgreina tímabundnar heimildir fyrir mannvirki sem nauð-synleg eru vegna framkvæmda við Vaðlaheiðargöng á framkvæmdatíma þeirra.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athuga-semdafresti til 19. júlí 2013. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Gildistaka deiliskipulags vinnubúða í landi Halllands.*

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir vinnubúðir vegna Vaðlaheiðarganga í landi Halllands í Svalbarðsstrandarhreppi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 1,5 ha íbúðarsvæði (Íb21) í landi Halllands suðvestan Veigastaða-vegar nr. 828 og norðan Vaðlabrekku. Viðfangsefni skipulagsins er að skilgreina tímabundnar heim-ildir fyrir mannvirki sem nauðsynleg eru vegna framkvæmda við Vaðlaheiðargöng á framkvæmda-tíma þeirra.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 19. júlí 2013. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Svalbarðseyri, 25. október 2013.*

**Jón Hrói Finnsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2013